

Lindarfiskur ehf.
Sigtúni 6
870 Vík

Egilsstaðir, 20.11.2023
UST202302-133/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19.10.2023 - Lindarfiskur, Botnum í Meðallandi

Þann 19. október sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Lindarfisks ehf., Botnum í Meðallandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Fylla þarf í skarð í bakka settjarnar.
2. Öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór árið 2022 var um 10 kg/framleitt tonn en má ekki vera yfir 9,0 kg/framleitt tonn.
2. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Efni voru geymd í efnaskáp án viðeigandi lekavarna.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. desember 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Stella Árnadóttir
sérfræðingur